

Miðvikudaginn 11. janúar 1978.

Nr. 1/1978. **Petrína K. Jakobsson**

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og til réttargæslu orkumálastjóra f. h. Orkustofnunar, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 13. desember 1977, sem barst Hæstarétti 3. janúar 1978, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1977. Krefst hún þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að lagt verði fyrir bæjarþingið að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í héraði hefur Orkustofnun, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja verið stefnt til réttargæslu. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð greinargerð lögmanns Orkustofnunar, og eru þar gerðar sömu kröfur og af hálfu ríkissjóðs. Frá öðrum réttargæslustefndu hafa ekki borist kröfur né greinargerðir. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu. Ekki er um það deilt, að sóknaraðili var ríkisstarfsmaður á því tímabili, sem um er fjallað í máli þessu, en hún lét af störfum að eigin ósk 1. maí 1976. Naut hún því réttinda samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar 3. gr. laga nr. 38/1954, en þar segir svo: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“

Með lögum nr. 55/1962 fengu starfsmenn ríkisins takmarkaðan samningsrétt um kjör sín, en til þess tíma hafði launum þeirra verið skipað með lögum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 55/1962 skyldi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fara með „fyrirsvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögum þessum“. Í 5. gr., sbr. 4. og 6. gr., laganna segir, að í kjarasamningi skuli kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu starfsmanna ríkisins, en einstök félög semji um önnur kjaraatriði, sem ekki séu lögbundin. Samkvæmt 7. gr. laganna skyldi kjarasamningur eigi gilda skemur en tvö ár í senn. Ef samningar tækjust ekki, skyldi Kjaradómur skera úr um deilu og dómur hans koma í stað kjarasamnings, sbr. III. og IV. kafla laganna. Hins vegar var svo ákveðið í 24. gr. laganna, að Kjaranefnd skyldi m. a. skera til fullnaðar úr ágreiningi um skipan einstakra manna í launaflokka. Lög nr. 46/1973 leystu af hólmi lög nr. 55/1962, og giltu þau til loka þess tímabils, er sóknaraðili var starfsmaður ríkisins. Eru ákvæði þeirra í höfuðdráttum hin sömu og laga nr. 55/1962 um það, er hér skiptir máli.

Samningar náðust ekki á árinu 1963 um laun og önnur starfskjör ríkisstarfsmanna. Dómur Kjaradóms um það efni gekk 3. júlí 1963. Er skipa skyldi starfsmönnum í launaflokka, varð ekki samkomulag um það, hvar sóknaraðilja skyldi skipað. Var sá ágreiningur lagður fyrir Kjaranefnd og þess krafist, að sóknaraðilja yrði skipað í 17. launaflokk. Úrskurður Kjaranefndar um ágreining þennan var kveðinn upp 25. júní 1964 og þar ákveðið, að sóknaraðili skyldi „taka laun sem forstöðumaður teiknistofu rafmagnsdeildar eftir 15. launaflokki“. Dómur Kjaradóms og úrskurður Kjaranefndar giltu frá 1. júlí 1963 til ársloka 1965. Samkvæmt gögnum máls hafa kröfur um breytingar á skipan sóknaraðilja í launaflokka ekki verið lagðar fyrir Kjaranefnd síðan.

Svo sem fyrr getur, er svo mælt í 3. gr. laga nr. 38/1954, að konur og karlar í þjónustu ríkisins skuli hafa sömu laun fyrir sömu störf. Almenn ákvæði hliðstæðs efnis hafa síðar verið sett í lög nr. 60/1961, sem ekki eiga hér við sam-

kvæmt efni þeirra, svo og 1. gr. laga nr. 37/1973 og 2. gr. laga nr. 78/1976, en síðastnefndu lögin tóku eigi gildi, fyrr en sóknaraðili hafði horfið úr þjónustu ríkisins.

Kröfugerð sóknaraðilja á hendur varnaraðilja er á því reist, að henni hafi verið ranglega skipað í launaflokk sakir kynferðis. Kjaranefnd var ætlað að skera úr ágreiningi um skipan starfsmanna í launaflokka, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1962 og 25. gr. laga nr. 46/1973, og verður sóknaraðili að hlíta þeim lagaákvæðum um kröfur sínar, svo sem þær eru úr garði gerðar. Eins og áður getur, lagði sóknaraðili kröfur sínar fyrir Kjaranefnd að því er tekur til samningstímabilsins 1. júlí 1963 til ársloka 1965. Ætla verður, að sóknaraðili byggji kröfur sínar að því er þetta tímabil varðar á því, að Kjaranefnd hafi í úrskurði sínum frá 24. júní 1964 eigi gætt lagareglna um launajafnrétti kvenna og karla. Þessa málsástæðu og kröfugerð á henni byggða má bera undir dómstóla. Kröfur sóknaraðilja, er stafa frá öðrum samnings-tímabilum, eru reistar á því, að sóknaraðilja hafi ekki verið skipað í rétta launaflokka, en það atriði hefur eigi verið lagt til úrlausnar Kjaranefndar. Verða þær kröfur því eigi bornar undir dómstóla samkvæmt brýnum reglum laga þar um. Ber því að vísa þeim frá héraðsdómi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að kröfugerð í máli þessu er eigi svo skilrík sem skyldi. Þá er gagnaöflun áfátt.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur að því er varðar kröfur sóknaraðilja, Petrínu K. Jakobsson, á hendur varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, vegna tímabilsins 1. júlí 1963 til 31. desember 1965, og ber héraðsdómi að taka þann kröfupátt til efnismeðferðar. Að öðru leyti er kröfum sóknaraðilja á hendur varnaraðilja vísað frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða dómi. Sóknaraðili krefst greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, sem hún telur mismun launa þeirra, er hún fékk úr ríkissjóði 1. júlí 1963 til 1. maí 1976, og launa karlmanna í sambærilegum störfum á sama tíma.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi veitt teiknistofu raforkumálastjóra, síðar Orkustofnunar, forstöðu á árunum 1952—1976. Kröfur sínar í þessu máli miðar sóknaraðili sem fyrr segir við árin 1963—1976. Með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna var mælt fyrir um nýja aðferð við ákvörðun launa þessa starfsmannaþóps. Í samræmi við reglur laganna kvað Kjaradómur upp dóm 3. júlí 1963, og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra náðu síðan samkomulagi um starfsheiti og launaflokka, shr. auglýsingu nr. 74/1963. Starfsheitið forstöðumaður teiknistofu er ekki að finna í auglýsingu þessari. Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lagði mál sóknaraðilja fyrir Kjaranefnd skv. VI. kafla laga nr. 55/1962. Kjaranefnd úrskurðaði 25. júní 1964, að sóknaraðili skyldi „taka laun sem forstöðumaður teiknistofu rafmagnsdeildar eftir 15. launaflokki“. Skjöl málsins benda til þess, að ekki hafi eftir þetta verið leitað úrskurðar Kjaranefndar skv. lögum nr. 55/1962 eða 46/1973 um stöðuheiti eða launaflokk sóknaraðilja. Í greinargerð þeirri, sem lögmaður varnaraðilja og Orkustofnunar lagði fram í héraði, segir, að 1974 hafi Starfsmannafélag ríkisstofnana og fjármálaráðherra samið um launaflokk sóknaraðilja.

Í 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“ Í 1. gr. laga nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð sagði: „Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf“. Fyrri ákvæðið var í gildi allan þann tíma, sem hér skiptir máli. Síðara ákvæðið tók gildi 24. apríl 1973 og

var enn í gildi 1. maí 1976. Bæði lagaákvæðin eru í samræmi við meginreglu í íslenskum rétti, sem einnig kemur fram í lögum nr. 60/1961 um launajöfnuð kvenna og karla og í lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Þá hefur íslenska ríkið skuldbundið sig að þjóðarétti til að virða jafnréttisreglu á þessu sviði með því að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sbr. auglýsingu nr. 12/1958. Ber að skýra íslensk lög með hliðsjón af þessari alþjóðasamþykkt. Reglur laga nr. 38/1954 og 37/1973, sem nú hefur verið lýst, eru bindandi réttarreglur hér á landi, sem dómstólum ber að beita. Þær eru mikilvægar mannréttindareglur.

Samhliða þessum reglum giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, ákvæði um Kjaranefnd í lögum nr. 55/1962 og 46/1973. Í 24. gr. fyrrnefndu laganna sagði m. a.: „Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um: — 1) Skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings . . .“ Samningsaðilar voru eftir þessum lögum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Í 25. gr. laga nr. 46/1973 er samhliða ákvæði, en samningsaðilar, sem þar er átt við, eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og einstök starfsmannafélög, svo sem nánar segir í 3. og 6. gr. laganna.

Þegar úr því skal skera, hvernig beita eigi þeim ákvæðum, sem nú hafa verið nefnd í lögum nr. 38/1954, 37/1973, 55/1962 og 46/1973, verður ekki á því byggt, að fyrstu tvö ákvæðin séu í almennum lögum og hljóti því að þoka fyrir hinum sérstöku ákvæðum um Kjaranefnd. Lagareglurnar um launajafnrétti eru einnig sérákvæði að því leyti, að þau fjalla um tiltekið afmarkað atriði: launajafnrétti kvenna og karla. Fremur ber að líta á, að þessi ákvæði geyma mannréttindareglu, sem ekki verður skert með tvíráðum orðum annarra laga. Þá ber og að taka tillit til þess, að almennt mega menn bera réttarágreining undir dómstóla, þar á meðal það, hvort gerðardómar eða stjórnvöld hafi gætt réttra reglna við ákvarðanatöku. Verður því að telja rétta lögskýringu þá, að ágreining um launaflokk tiltekins ríkisstarfsmanns beri að

leggja í úrskurð Kjaranefndar, að Kjaranefnd beri að virða jafnréttisreglur laga og að bera megi undir dómstóla kröfur byggðar á því, að svo hafi ekki verið gert. Dómstólar geta fjallað um slíkar kröfur án tillits til þess, hvort gerð er dómkrafa um ógildingu ákvörðunar um starfsheiti og launaflokk eða um greiðslu á tiltekinni fjárhæð, svo sem hér er.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja bar ágreining um starfsheiti og launaflokk sóknaraðilja undir Kjaranefnd, eins og fyrr segir, og gekk úrskurður nefndarinnar 25. júní 1964. Lög nr. 55/1962 og 46/1973 mæla ekki svo fyrir, að það beri síðan að gera á ný eftir hvern kjarasamning eða hliðstæða ákvörðun. Ekki eru heldur í lögum þessum glögg ákvæði um beina aðild einstaklinga að kjaranefndarmálum. Verður því að telja, að nægilega hafi verið gætt skyldu til að bera mál sóknaraðilja undir Kjaranefnd og að málinu verði ekki vísað frá bæjarþinginu með þeim rökum, sem byggt er á í hinum kærða frávisunardómi.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi. Hins vegar verður ekki tekin afstaða til þess nú, hvort málið sé nægilega reifað eða að öðru leyti dómtækt. Verður þess vegna ekki tekin til greina sú krafa sóknaraðilja, að lagt verði fyrir bæjarþingið að leggja efnisdóm á málið.

Það er því álit mitt, að dómsorð ætti að vera á þá leið, að hinn kærði dómur sé úr gildi felldur. Þá tel ég að dæma beri varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til að greiða sóknaraðilja, Petrínu K. Jakobsson, 40.000 krónur í kæru-málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 10. f. m., hefur dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður, Bergstaðastræti 74 A, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu fyrir hönd Petrínu K. Jakobsson, fyrrverandi forstöðumanns teiknistofu Orkustofnunar ríkisins, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og orkumálastjóra vegna Orkustofnunar ríkisins til réttargæslu með stefnu, birtri 9. júní 1976, aðallega til greiðslu á kr. 1.410.353, sem er mismunur á launum þeim, sem karl-forstöðumenn á teiknistofum hjá ríkinu hlutu á árunum 1963—1976 ann-

ars vegar og konur í sambærilegu starfi og með sams konar menntun hlutu á sama tíma. Til vara, að miðað sé við, að launin hafi hækkað í samræmi við ákvæði laga nr. 60/1961 frá árinu 1963, uns fullum launajafnrétti var náð 1. jan. 1967, en þá telst upphæðin vera um kr. 1.350.000, enn fremur til greiðslu 7% ársvaxta af kr. 714.056 frá 1. júní 1972 til 1. mars 1973, en af kr. 741.728 frá þeim degi til 1. júní 1973, en af kr. 780.826 frá þeim degi til 1. júlí þ. á., er ársvextir hækkuðu í 9%, eða frá þeim degi með 9% af kr. 780.826 til 1. sept. 1973, en frá þeim degi 9% af kr. 832.426 til 1. des. 1973, en frá þeim degi af kr. 854.575 til 1. jan. 1974, en af kr. 880.275 frá 1. mars 1974 til 1. apríl 1974, 893.975 frá 1. apríl 1974 til 15. júlí það ár, en með 13% af kr. 905.000 frá 15. júlí 1974 til 1. okt. 1974, með 13% af kr. 932.300 frá þeim degi til 1. des. 1974, en af kr. 1.006.800 frá þeim degi til 1. júní 1975, af kr. 1.020.400 til 1. júní 1975, af kr. 1.056.200 frá þeim degi til 1. okt. 1975, en af kr. 1.082.304 frá þeim degi til 1. des. 1975, af kr. 1.133.700 frá þeim degi til 1. mars þ. á. til 1. maí 1976, af kr. 1.410.353 frá 1. maí 1976. Enn fremur til greiðslu málskostnaðar samkv. mati dómsins, eins og málið væri ekki rekið sem gjafsóknarmál.

Í sambandi við stefnuffjárhæðir og vaxtakröfur er miðað við, að karl-forstöðumenn á teiknistofum hjá ríki hafi tekið laun sín samkv. þeim launaflokkum, er hér greinir: 1963—1968 samkv. 19. launaflokki, 1968—1970 samkv. 20. launaflokki, 1970—1974 samkv. 22. launaflokki og 1974—1976 samkv. 25. launaflokki. Laun þeirrar einustu konu, sem veitt hefur slíkri stofnun forstöðu, hafa hins vegar verið sem hér segir: 1963—1974 15. launaflokkur, 1974—1976 20. launaflokkur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 60/1961 um launajöfnuð og á lögum nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð.

Dómkröfur stefndu eru þær, að málinu verði vísað frá bæjarþinginu. Til vara krefjast stefndu þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara krefjast stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómsins. Í öllum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með framhaldsstefnu, útgefinni og birtri 14. september 1977, stefndi stefnandi Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til réttargæslu í máli þessu. Á hendur þessum réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar, og þeir hafa eigi sótt þing.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hún hafi í ársbyrjun 1944 verið ráðin til Rafmagnseftirlits ríkisins til ýmissa starfa auk tækniteiknunar. Frá áramótum 1951 til 1952 hafi hún verið ráðin sem forstöðumaður teiknistofu raforkumálastjóra. Hafi laun forstöðumanns verið samkvæmt 9. launaflokki, en teiknara hafi tekið laun samkvæmt 10. launaflokki. Með launalögum frá 1963 (sic) hafi teiknara I verið í 10. launaflokki, en teiknara II lent í 7. launaflokki. Þá hafi verið tekið upp nýtt starfsheiti, yfirteiknari, og hafi hann hlotið laun samkvæmt 13. launaflokki. Forstöðumanni teiknistofu raforkumálastjórnar hafi hins vegar alveg verið sleppt úr launalögum (sic). Hins vegar hafi forstöðumaður á teiknistofu Rafmagnsveitna ríkisins verið tilgreindur við 15. launaflokk, en hann hafi verið karlmaður og strax verið látinn taka laun samkvæmt 17. launaflokki, en síðar 19. launaflokki.

Stefnandi hafi hins vegar verið látin taka laun samkvæmt 15. launaflokki. Stjórn BSRB hafi þá tekið að sér að kæra málið til þar til bærri yfirvalda og hafi þá verið stefnt að því, að stefnandi fengi laun samkvæmt 17. launaflokki, en úrskurður Kjara-dóms (sic) hafi hins vegar orðið 15. launaflokkur.

Við endurskoðun laga (sic) um laun opinberra starfsmanna árið 1970, hafi starfsmat verið lagt til grundvallar við ákvörðun launa og forstöðumönnum ríkisstofnana verið heimilað að leiðrétta launaflokkun undirmanna sinna, ef sannaðist, að starf hafi verið vanmetið. Slík leiðrétting hafi þó ekki fengist að því er stefnanda varðar, þrátt fyrir það, að hlutaðeigandi yfirmaður hafi viðurkennt, að um ranga flokkun væri að ræða.

Á árinu 1974 hafi stefnandi síðan leitað til Jafnlaunaráðs um leiðréttingu mála sinna. Jafnlaunaráð hafi eftir ítarlega athugun og samanburð við sambærileg störf komist að þeirri niðurstöðu, að starfi stefnanda væri skipað í óeðlilega lágan launaflokk, og bent á, að stefnanda bæri sami launaflokkur og forstöðumenn annarra teiknistofa, en leiðrétting hafi ekki fengist.

Stefnandi heldur því fram, að hún uppfylli algerlega þær kröfur, sem gerðar séu um hæfileika og kunnáttu forstöðumanna slíkra stofnana, sem hér um ræðir, en telur, að það atriði, að hún sé kona, hafi valdið því, að henni hafi verið skipað í lægri launaflokk en skyldi.

Jafnlaunaráð hafi gert þetta sjónarmið að sínu og því hafi stefnandi fengið gjafsóknarleyfi í málinu.

Stefnandi kveður mál þetta hafa lengi verið í athugun og hafi verið leitað fulltingis ráðherra sem annarra, en án þess að sú leiðrétting, sem Jafnlaunaráð hafi mælt með, fengist samþykkt. Því geri hún nú þær dómkröfur, að hún fái tildæmdan mismun á þeim launum, sem eðlilegt hafi verið, að hún tæki í samanburði við sambærilega starfsmenn þess opinbera, og þeim, er henni hafi verið greidd.

Svo sem vikið er að í upphafi dómsins, er aðalkrafa fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og réttargæslustefnda orkumálastjóra f. h. Orkustofnunar ríkisins sú, að máli þessu verði vísað frá dómi. Hinn 10. þ. m. fór fram munnlegur flutningur um hina framkomnu frávisunarkröfu. Var frávisunarkrafan fyrst og fremst á því byggð, að efnislega væri hér um að ræða ágreining um rétta röðun stefnanda í launaflokk og starfsheiti samkvæmt kjarasamningum BSRB og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Slík ágreiningsmál eigi undir sérstakan lögskipaðan dómstól, Kjaranefnd, sbr. nú 31. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB og 25. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. áður 24. gr. laga nr. 55/1962 um sama efni. Úrskurður Kjaranefndar um skipan einstakra starfsmanna í launaflokk og starfsheiti sé fullnaðarúrskurður, eins og berlega sé tekið fram í tilvitnuðum lagaákvæðum. Kjaranefnd sé lögskipaður gerðardómur, er úrskurða skuli nákvæmlega þar tiltekin ágreiningsefni varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, svo sem röðun í launaflokk og starfsheiti. Hugsunin með þessari lagasetningu hafi verið sú, að nauðsynlegt samræmi í úrlausn slíkra ágreiningsmála yrði því aðeins tryggt, að einn dómstóll fjallaði um þau öll. Jafnframt hafi verið sýnt, að verulegrar sérþekkingar væri þörf til úrlausnar þessara vandasömu og viðkvæmu mála. Af þessum sökum hafi þótt nauðsynlegt að girða fyrir, að almennir dómstólar fengju þau til meðferðar, enda veiti skipan Kjaranefndar og málsmeðferð fyrir henni málsaðiljum sambærilegt réttaröryggi og almenn dómstólameðferð.

Eins og sjáist á dskj. nr. 22, sem er úrskurður Kjaranefndar frá 25. júní 1964, þá hafi mál stefnanda þegar verið lagt til úrlausnar fyrir Kjaranefnd og niðurstaða hennar fengist um rétta röðun í launaflokk. Þar hafi stefnanda verið úrskurðuð laun sem forstöðumanni teiknistofu rafmagnsdeildar eftir 15. launaflokki. Þeirri niðurstöðu verði ekki hnekk af almennum dómstólum samkvæmt framansögðu, enda séu lög nr. 55/1962 sérlög um úrlausn kjaramála ákveðins hóps launþega, þ. e. opinberra starfsmanna,

gagnvart vinnuveitendum sínum. Tilvísun stefnanda til hinnar almennu stefnumörkunar laga nr. 60/1961 varðandi kjör stefnanda á þessum tíma sé því út hött, enda hafi þeim lögum alls ekki verið ætlað að ná til opinberra starfsmanna.

Þá telur stefndi, að sennilegt sé, að stéttarfélag stefnanda hefði fyrir hennar hönd getað borið ákvörðun um launaflokk hennar undir úrskurð Kjaranefndar að nýju eftir gerð þeirra kjarasamninga og kjaradóma, er gengið hafi eftir þetta, þ. e. a. s. árin 1968, 1970 og 1973. Þannig hefði mátt skjóta máli stefnanda til Kjaranefndar um ákvörðun launaflokks, sem tekin hafi verið eftir gerð kjarasamnings í árslok 1970 og starfsmats, sem á eftir hafi fylgt sem hluti kjarasamningsins. Sú leið hafi ekki verið farin og verði því að telja, að stefnandi hafi þannig í raun sætt sig við þann launaflokk, sem henni hafi verið ákveðinn. Eftir gerð kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í árslok 1973 hafi um mitt ár 1974 samist milli stéttarfélags stefnanda, þ. e. Starfsmannafélags ríkisstofnana, og fjármálaráðuneytisins um launaflokk stefnanda. Áðurnefnt stéttarfélag hafi ótvírætt farið með samningsumboð f. h. stefnanda um launaflokksniðurröðun. Vegna þessa samningstímabils, að minnsta kosti, verði málið því ekki lagt fyrir Kjaranefnd.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, halda þessir stefndu því fram, að vísa beri málinu frá bæjarþinginu, þar eð það eigi undir fullnaðarúrskurð Kjaranefndar. Slíkur úrskurður liggi þegar fyrir, að minnsta kosti að því er varðar hluta þess tímabils, er launakröfur stefnanda nái til. Varðandi önnur tímabil sé Kjaranefnd ein bær til að úrskurða um kröfur stefnanda.

Auk þeirra frávísunarröksemda, sem nú hafa verið raktar, hefur af hálfu þessara stefndu verið á það bent, að mál þetta sé mjög vanreifað, þar sem ógerningur sé að sjá, hvernig stefnufjárhæðir séu fundnar og útreikningarnir á dskj. nr. 16 til 19 séu óskiljanlegir með öllu.

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða málskostnað í þessum þætti málsins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Lögmaður stefnanda rökstuddi kröfur sínar með því, að hér væri um launajafnréttismál á milli kynjanna að ræða. Jafnlaunaráð hefði þegar tekið ákvörðun í málinu og mælt með því, að starfi stefnanda verði skipað í sama launaflokk og starfi annarra forstöðumanna teiknistofa. Þetta hafi verið gert í samræmi við 1. gr. laga nr. 37/1973 um Jafnlauna-

ráð. Því taldi stefnandi, að heimilt væri að leggja mál þetta beint fyrir hina almennu dómstóla í landinu, en ekki þyrfti að fara með mál þetta fyrir Kjaranefnd, enda sé mál þetta byggt á grundvelli laga nr. 60/1961 um launajöfnuð karla og kvenna og laga nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð.

Niðurstaða dómsins.

Lög nr. 60 29. mars 1961 um launajöfnuð kvenna og karla eiga ekki við um opinbera starfsmenn eins og stefnanda, enda hafði konum og körlum í opinberri þjónustu þegar verið veittur jafn réttur til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38 14. apríl 1954, 6. tl. 3. gr. Þegar síðargreind lög tóku gildi, var launakjörum opinberra starfsmanna skipað með sérstökum launalögum frá Alþingi. Með lögum nr. 55 28. apríl 1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim veittur takmarkaður samningsréttur um kaup sitt og kjör, en án verkfallsréttar. Samkvæmt 24. gr. þeirra laga skal Kjaranefnd skera til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja, m. a. um: „Skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.“

Á árinu 1973 eru sett lög nr. 37 24. apríl um Jafnlaunaráð. Þau lög, sem eru almenn lög, gerðu engar breytingar á lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hinn 25. apríl 1973 eru sett ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 46/1973. Í 25. gr. þeirra laga er tekið fram, að Kjaranefnd skeri til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja, m. a. um: „Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.“

Á árinu 1976 voru sett ný lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, nr. 29 frá 26. maí 1976. Samkvæmt 3. kafla þeirra laga er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja veittur takmarkaður verkfallsréttur, en samkvæmt 31. gr. laganna sker Kjaranefnd til fullnaðar úr ágreiningi aðilja, m. a. um: „1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr. 2. Deilum, sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og önnur kjaraatriði, sem um er fjallað í sérkjarasamningi.“

Á árinu 1976 voru sett lög nr. 78 31. maí um jafnrétti karla og kvenna. Lög þessi námu úr gildi lög nr. 37 24. apríl 1973 um Jafnlaunaráð. Hins vegar breyta þessi lög hvergi lögum nr. 29 26. maí 1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Bæði lögin um Jafnlaunaráð, nr. 37 frá 24. apríl 1973, og lögin

um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78 31. maí 1976, eru almenn lög. Þau geta því ekki eðli sínu samkvæmt breytt lögum þeim, er vitnað hefur verið til hér að framan um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem eru sérstök lög, er fjalla eingöngu um kjaramál opinberra starfsmanna. Samkvæmt þessu verður að telja, að ágreiningsmál þetta beri að reka fyrir Kjaranefnd, enda sker sú nefnd til fullnaðar úr ágreiningi þeim, sem mál þetta snýst um. Ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður. Stefnandi hefur með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, útgefnu 2. desember 1975, sbr. og bréf ráðuneytisins, útgefið 4. nóvember 1976, fengið gjafsókn í máli þessu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 59.800. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 50.000 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt og Sigurði Oddsyni byggingatækni-fræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Petrínu K. Jakobsson, kr. 59.800, greiðist úr ríkissjóði. Skipuðum talsmanni stefnanda, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, ber kr. 50.000 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.